

FÉLAGSFUNDIR !

Munið eftir félagsfundunum á janúar og febrúar sem eru að venju síðasta laugardag hvers mánaðar kl 10 í Skipholtinu

Á janúarfundinn kemur Hans Jóhannsson fiðlusmiður og mun hann segja frá nokkrum helstu grundvallar atriðum við smíði hennar.

Á febrúarfundinn kemur Þór Magnússon Þjóðminjavörður og segir okkur frá rennismíði fyrri tíma. Á staðnum verður einnig heimasníðaður trérennibekkur af eldri gerð og mun honum verða gerð frekari skil í næsta fréttabréfi.

Undirritaðir félagar okkar hafa tekið að sér að skipuleggja fundina fram á vor , **Þorkell Sigurðsson s. 557 3434, Vilhjálmur Kjartansson s. 581 2066 og Úlfar Sveinbjörnsson s. 565 2550.**

Vinsamlegast hafið samband við þá félaga ef þið lúmið á góðri hugmynd um fundaefni.

TIL SÖLU

Patróna “ONEWAY” minni gerð lítið notuð til sölu.

Fréttabréf Félags trérennismiða á Íslandi-3. tbl. 5. árg. Sept. 1999.
Ábm. Trausti B. Óskarsson og Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Fréttabréf

1. tbl.6. árg. jan. 2000



VÍKINGASKÍP Karls H. Gíslasonar

VÍKINGASKIP


Reykjavík í janúar 2000 (Efniviðvur: Álmur, gullregn og rósaviður)
Kæru félagar,

Fyrir rétt rúmu ári síðan sá ég undirritaður, auglýsta þátttökuhvátningu í fréttabréfi amerískra trérennismiða. (sem ég hef verið félagi í síðust 4 árin) um að taka þátt í sýningu félagsins í Tacoma í Washington og síðan í Naruko í Japan. Ég ákvað að láta reyna á möguleika mína og þannig að koma íslenski trérennismíði á framfæri ekki aðeins í Ameríku heldur einnig í Japan. Þessi sýning var samvinnuverkefni amerískra og japanskra trérennismiða og nefndist East Meets West Exhibition. Mér þótti rétt að reyna við þáttöku þar sem Ísland er jú á milli austurs og vesturs. Nema hvað. Senda átti mynd af því sem sýna átti með lýsingu s.s. stærð (sem ekki mátti vera meira en 15 tommur á hvern veg) efni og svo s.fr. Dómnefnd var skipuð þekktum trérennismiðum, kennurum í listaháskóla í Florida ásamt Waterbury hjónunum sem talin eru eiga eitt besta safn renndra listmuna í heiminum í dag. Þessi dómnefnd átti síðan að velja úr innsendum umsóknum 20 sýnenda. En sýningagripirnir voru alls 25 þar af 5 frá fyrir fram þekktum trérennismiðum sem var boðið til sýningarinnar. Í svarbréfi frá Alan Lacer's forsvarsmanni sýningarinnar var mér þökkuð þátttakan og mér tjáð að sýningargripur minn "VÍKINGASKIP" hafi verið valinn sem einn. Mikil varð undrun mín því ég hafði ekki gert mér miklar vonir um árangur, einungis vilja sýna að hér á Íslandi er verið að renna gripi úr tré, sem ef til vill gætu vakið áhuga annara. Nú var hafist handa við að pakka, fylgja átti umsögn um félagið hér á landi, því Alan hafði heyrt þess getið að hér væri félagsskapur í trérennismíði og vildi fræða þá í Ameríku um tilveru hans. Af sýningunni sjálfri er það að fréttu að í Tacoma sáu um 75 þúsund manns hana en ekki eru enn komnar fréttir frá Japan. Von er á sýningarskrá og öðrum fréttum í næstu fréttablöðum ameríska trérennifélagsins. American Association of Woodturners. AAW East Meets West Exhibition-Tacoma 1999.

Með bestu óskum um veg og vanda íslenskra trérennismiða.

Karl M. Gíslason, Tré-list

TRÉRENNIBEKKUR AF ELDRI GERÐ



ONEWAY & STRONGHOLD PATRÓNUR


Kanadískar gæðapatrónur fyrir flestar gerðir trérennibekkjja.

Skrúfaður aukakónn/botn til að færa á milli rennibekkjja.

Margar stærðir af aukafestingum (kjöftum/örmum).

Diskar í tveim stærðum. Einnig 1/2" og 1" drifoddar

Flestar aðrar vörur til trérennismiða!



H F VLIST

9 b [^ U h Y] [] ' % + z % \$) ' F Y m - ^ U J
G ‡ a] # Z U I ')) ' %) \$

Lofthreinsun við trérennibekk.

Þegar unnið er við trérennibekkinn verða afurðir stundum slípaðar með sandpappír. Þá myndast mikið af fínu ryki sem ekki er hollt að anda að sér. Koma má í veg fyrir það með því að nota öndunargrímu eða með því að hreinsa loftið hratt.

Sjálfur vinn ég í um 4 fermetra rými og það væri vart hægt nema að hreinsa loftið og taka upp spæni nokkurn vegin jafnóðum. Eitt af því fyrsta sem ég gerði þegar ég fór að renna var að útbúa lofthreinsunar-kerfi. Reynsla mín af þessu kerfi er það góð að ég tel rétt að segja öðrum félagsmönnum frá því.

Til eru á markaði ryksugukerfi þar sem loft er dregið frá vinnuvæði, í gegnum blásara, framhjá safnláti og síðan í gegnum síupoka og hreinsað með því móti. Þetta eru ekki ódýr kerfi og hafa þann galla að versna með aukinni notkun. Ef þú er þéttur og hleypir engum ögnum í gegnum sig þéttist hann og æ erfiðar verður að blása loftinu í gegnum pokann. Að mínu áliti er miklu betra að nota hreinsunarkerfi sem byggir á að framkalla iðustreymi lofts. (Mynd A) Grunntækið í því mætti kalla hvirfil. (á erlendum málum *cyclon*) (Mynd B)

Mynd A

Kerfið hefur augljósa kosti. Í því eru engir staðir sem hindra framrás lofts, kerfið er alltaf hreint. Að hvirfli liggur barki sem, til að virka sem spónsuga, þarf

að vera 10 cm í þvermál. Inn í hvirfilinn er loftstraumnum beint inn að kápu sem leiðir loftið í hringi $\hat{A} X \tilde{a} \hat{A} \tilde{a} \hat{A}] \hat{!} \wedge \bullet \bullet \tilde{a} \bullet c \hat{A} 4 | | \hat{A} 5 @$ og sag, út að kápunni og lækka smám saman vegna þyngdarafþvinnu. Innan úr miðju iðustreymi, þar sem loftið er hreinast, er loftið dregið brott með blásara. Frá honum má blása því aftur inn í rýmið sem verið er að vinna í eða leiða það út. Mikilvægt er að geta leitt loftið út t.d. ef verið er að vinna með leysiefni svo sem terpentínu eða sellulósapynni, sem stundum er gert í trérennismíði, en ef verið er að sjúga upp spæni er óþarft að leiða loftið út. Því er gott að geta beint útblásturloftinu í tvær áttir.

Hvernig á að smíða hvirfil ?
Mynd B

Hvirfil má smíða sjálfur. Trektina, merкта **a** í $\hat{A} c \wedge \tilde{a} \setminus \} \tilde{a} \} * \sim \hat{A} \wedge \hat{!} \hat{A} \wedge \tilde{a}$ kaupa í blikksmiðju. Hentugt er að hafa efsta lokið **b** g í $\hat{A} \wedge \setminus \setminus \setminus \{ \hat{A} \setminus \hat{!} \}$ í það kemur sögrórið **c** c $\tilde{a} | \hat{A} \hat{a} | \hat{!} \bullet \tilde{a} \hat{!} \tilde{a} \hat{A} \bullet \zeta [\hat{d} \hat{A} \hat{!} * \hat{A} \hat{!} @ \wedge \wedge \bullet \tilde{c} \tilde{a} \hat{!} * \hat{c}$ smíða úr þunnu blikki. Hvirflar geta verið misstórir, en grundvallaratriðið er að ef loftmagn er lítið á hvirfillinn að vera lítill, því að loftið þarf að fara hratt í marga hringi áður en það er dregið út úr hvirfli. Það rör sem inn kemur þarf einnig vera þrengra en það rör sem leiðir loftið út. Rörið **c** í $\hat{A} \tilde{a} \hat{A}$ ná langleiðina niður að trekt, þar er loftið hreinast.

Undir hvirfli er síðan sett safntunna sem spæni safnast í. Þau samskeyti, svo og tunnan verða að vera loftþétt því að ekkert loft má koma inn í kerfið að neðan. Framhald á næstu síðu

Blásarar.

Margar gerðir blásara eru til á markaði. Ódýrum gerðum er þó sammerkt að þeir þola ekki mikið viðnám og hætta að flytja loft þegar viðnámið verður mikið. Eftir því sem loft-hraðinn er meiri inni í hvirflinum, því betur hreinsar hann. Dýrari blásarar eru títt háprýstari en ódýrir og ráða þá við meira viðnám. En hægt er að byggja ódýrt.

Oft er hægt að fá blásara fyrir lítið sem ekkert, t.d. viftur úr eldhúsum. Taupurrkarar ganga úr sér því að legur tromlunnar stlitna, stýrikerfi bregst, en blásarinn er enn óskemmdur. Alla slíka blásara má nota í hvirfilkerfi. Ef blásarinn sýgur ekki af nægilega miklum krafti og við viljum ná upp meira sögi er til einfalt ráð. Sérhver blásari myndar ákveðinn þrýstingsmun. Með því að tengja þá saman, hvern á eftir öðrum má ná fram auknu sögi. (Sjá mynd A) Í kerfinu sem ég nota eru tveir blásarar, úr aflögðu oíufýringarkerfi, annar er 210 wött, hinn er 180 wött. Það nægir en þar er markmiðið eingöngu það að sjúga upp spæni og ryk en ekki nagla og skrúfur.

Frá lofthreinsikerfinu streymir allt loftið sem inn í það fór og það loftstreymi má einnig nýta við rennibekkin og um það verður fjallað seinna.

Jón Guðmundsson.

GÓÐ HEILSA GULLI BETRI!

Í framhaldi af lestri greinar Jóns Guðmundssonar er rétta að ítreka við rennismiði hversu nauðsynlegt það er að huga að heilsunni við þessa iðju. Fyrir utan ryk getur leinst í viðnum lifandi kvikindi (blautum og sveppuðum) sem geta komist ofan í lungun ef ekki er varlega farið.

TRÉRENNIBEKKURINN

Við erum að safna saman heitum á aðalhlutum rennibekksins. Hér er mynd af rennibekk sem reyndar er af eldri gerð og er fótstígn. Heitin sem við sjáum hér eru sjálfsagt ein af mörgum sem í gangi eru. Ritarar fréttabréfsins vilja gjarnan fá frekari upplýsingar frá lesendum og verður þá bætt við nafnalistan síðar í fréttabréfinu.



- 1 Aflhús
- 2 Hvilijárn
- 3 Hvilijárnhaldar
- 4 Viðhald
- 5 Leguoddur
- 6 Vangar

Advertisement for Hjá Gylfa featuring a wood lathe and various tools. The text includes:


- sími og fax 555 1212
- Rennibekkir
- Rennijárn
- Útskurðarjárn
- Patrónur
- Pennaefni
- Hólshrauni 7- 220 HF

NOVA

SÝNING Í ÞÝSKALANDI

Trérennismiðir víða að úr heiminum munu koma saman í Olbernhau 12 þúsund manna bæ í Þýskalandi við landamæri Tékklands dagana 2 – 6. ágúst n.k. Olbernhau er um 45 km frá Chemnitz og 75 km frá Dresden. Olbernhau var áður fyrir miðstöð leikfangagerðar í Þýskalandi og en er nokkuð um trérennismiði og leikfangasmíði á svæðinu. Þeir sem sýna eru m.a. heimsþekktir rennismiðir svo sem Michael O'Donell frá Skotlandi (hélt hér námskeið), Richard Raffan, Terry Martin frá Ástralíu. Ray Key frá Englandi, Kurt Johansson frá Svíþjóð og margir fleiri. Ástæða er til að hvetja þá sem aðstöðu hafa til að skoða þessa sýningu sérstaklega ef menn eru á ferð um Evrópu á þessum tíma. Einhverjir muna fara hédan gagnert á þessa sýningu.

Rolf Steiner þekktur trérennismiður og rithöfundur er í forsvari. Segir hann eitt aðalmarkmið sýningarinnar að ná saman þekktustu og færustu trérennismiðum frá öllum heimsálfum. Koma á framfæri þekkingu í listsköpun, tækni og svo fr., styrkja starfsemi og samstarf trérennismiða, auka sjálfsöryggi þeirra. Gestum sýningarinnar verða sérstaklega kynntar hefðir og starf rennismiða á þessu svæði. Frekar upplýsingar gefur Karl og Guðrún í Trélist s. 553 1580.



Trausti B. Óskarsson fékk þessa mynd senda frá Ameríku en bekkur þessi sem er nýlega smíðaður og var á sýningu þar ytra. Sá sem smíðaði bekkinn kom hingað í heimsókn á síðasta sumri og hitti þá m.a. Trausta. Lagleg smíði er ekki svo.



SÝNING Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Fréttabréfinu hefur borist í hendur bréf frá sýningarstjórn sem stendur fyrir handverksýningu í Laugardalshöllinni dagana 28. apríl til 1. maí n . k . u n d **Ji crp fhxegi ttmi unju^a v“¶ " 4 2 2 2 ö 0**

Sýning handverksfólks hefur verið haldin í Laugardalshöllinni s.l. tvö ár og hafa sýningagestir verið um 12 þúsund. Á síðasta ári komu handverksmenn m.a. frá Grænlandi, Færeyjum og Finnlandi.

Upp hefur komið sú hugmynd að félagar taki sig saman um sýningarbás og standi vaktina til skiptis sýningardagana. Þeir sem ekki eiga heimanngengt geta þó sent sýna hluti og verða þeir þá vaktadir af félögum sem hafa aðstöðu til að vera á sýningunni.

Til þess að koma þessari hugmynd á framfæri þarf að láta vita sem fyrst svo hægt sé að ákveða stærð sýningstæðis og panta í tíma. Þetta er gott tækifæri til að koma sér á framfæri og í samband við kaupendur.

Áugasamir vinsamlegast hafið samband við Karl H. Gíslason í síma 552 4497.

RENNIJÁRN FRÁ ÁRINU 1680

Það er ótrúlegt hvað menn voru langt komin í smíði rennijárna á þessum tíma. Ekki verður sagt að framþróunin hafi verið mjög mikil miðað við það sem sést á þessari mynd. Sjáið þið t.d. krókjármin.

Merkjum pennabox. AB Skilti Faxatúni 36, 210 Garðabæ. 565 8588



TRÉRENNINÁMSKEIÐ

Fyrstu námskeiðin hjá **Trausta B. Óskarssyni** á nýbyrjuðu ári eru að byrja. Athugið að panta tímanlega þar sem aðeins einn nemandi er á hverju námskeiði. Með því móti á nemandinn einn alla athygli og árangurinn verður betri. Óbreytt verð. Skráið ykkur í síma **565**